

***BORGARRÁÐ 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um mengun vegna skemmtiferðaskipa - R19110009***

Áætlaðar komur skemmtiferðaskipa á árinu 2020 eru 185. Vitað er að þau menga mikið út í andrúmsloftið við komu inn í lögsöguna, innsigliu að höfn, viðveru við bakka og útsiglingu. Óskað er eftir upplýsingum um mælingar/áætlaða mengun vegna þessa á öllum stigum. Vitað er að skemmtiferðaskip koma með tóma tanka til hafnar og losa skólþ (úr klósettum, baðvatn, uppvöskunarvatn) og annan úrgang í sjóinn og fylla svo á alla tanka við bryggju á nýjan leik. Hafa Faxaflóahafnir mælt saurgerla eða aðra óhollustu frá skemmtiferðarskipum í lögsögu sinni? Er „eðlilegt magn“ af sorpi að skila sér í land við skipakomur – miðað við stærð og fjölda farþega og starfsmanna - eða eru uppi grunsemdir um að fögrun eigi sér stað í sjó á leið í land?